Krakkakot, náttúruleikskóli

Skil á starfsáætlun er 20. október 2021.

Helstu áherslur í uppeldisstarfinu fyrir skólaárið.	Gæðaviðmið	Rökstuðningur fyrir vali áhersluþátta	Mat á gæðaviðmiðum birt í árssk.
Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga. Á haustin byrjum við á að fjalla um tilfinningar, þarfirnar: Öryggi, ást og umhyggja, frelsi, gleði og þörfina fyrir að hafa stjorn/eða áhrif. Tölum um mitt og þitt hlutverk og hvað við viljum sjá heyra og finna t.d á deildinni okkar svo öllum líði vel.	Allar deildir leggja inn þarfahringinn og vinna verkefni út frá hverri þörf þannig að börnin læri hvað býr að baki hverrar þarfar. Þetta á eingöngu við um elstu þrjá deildirnar en yngri börnin fjalla um ást og umhyggju og öryggi. Allir gera samstarfssáttmála að hausti. Þar er kosið á lýðræðislegan hátt um hvaða samskiptareglur viljum við hafa á okkar deild svo öllum líði vel.	Tenging við stefnu skólans, skólanámsskrá og öllum grunnþáttum menntunar. Öflug uppeldis- og agastefna sem við höfum sannreynt að virkar vel. Í fyrra byrjuðum við að tala um mitt og þitt hlutverk og lista það upp með börnunum og ætlum að halda því áfram þennan vetur. Markmið uppbyggingar sjálfsaga er að skapa aðstæður fyrir barnið til að laga mistök sín og snúa aftur í hópinn sterkara. Hver eru gildin okkar og fjölskyldna okkar og hvernig manneskja vil ég vera.	Endurmat birt í ársskýrslu 2022

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Frjáls leikur í forgrunni. Leikurinn þróaður og skoðaður með t.t. leikefnis og þátttöku kennara. Áhersla á opin efnivið þar sem efniviðurinn hefur ekker fyrirfram gefið hlutverk.	Opin efniviður notaður á öllum deildum efniviður nýttur í leik barna. Efniviðurinn hafður í boði alla daga.	Tenging við aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfs. Mikilvægt að börn frá 1-6 ára fái að leika sér frjálst án stýringar og að efniviðurinn sé áhugaverður og þroskandi. Opin efniviður hvetur til sköpunar og virkjar hugmyndaflug barnanna. Opin efniviður virkjar forvitni og gagnrýna hugsun og hægt er að prófa allskonar leikni án fyrirfram ákveðinnar útkomu.	Endurmat starfsmanna og barna birt í ársskýrslu 2022
Hugarró, öndun, slökun, hugleiðsla, jóga og hvíld	Ein hugarfrelsisstund í hverri viku. Fleiri er kostur en viðmiðið er ein stund í viku.	Tenging við námssvið leikskóla, heilbrigði og velferð.Við tejum nauðsynlegt að börn í dag geti nýtt sér þá tækni að anda, hugleiða og slaka á í þeim erli og áreiti sem er í leikskólanum og samfélaginu.	Endurmat birt í ársskýrslu 2022
Vináttuverkefni Barnaheilla	Ein vináttustund í viku á föstudögum í samverustund.	Lífsleikni námsefni sem tengist jafnrétti, lýðræði og mannréttundum, læsi, sjálfbærni og heilbrigði og velferð.Fallegt og handhægt verkfæri til að tala um fjölbreytileika, vináttu, hugrekki og hvernig við getum verið besta útgáfan af sjálfum okkur. Bangsinn Blær sem er í verkefninu tákgerfi vináttunnar kennir börnunum í gegnum verkefnið að sína vináttu,samkennd, hugrekki og umbyrðarlyndi.Við þurfum ekki öll að vera vinir en við þurfum að sýna öllum vinsemd.	Endurmat birt í ársskýrslu 2022
Læsistefna og markviss málörvun, lestur, söngur og frásögn. Í upphafi vetrar er "Bókavika" þar sem foreldrar eru hvattir til að lesa fyrir börn sín og starfsfólk hvatt til þess að lesa fyrir börnin. Efla orðaforða með því að skoða vel ákveðin orð í bókum og útskýra þau vel fyrir börnunu. Finna fleiri orð sem þýða það sama. Unnið með námsefnið Lubbi finnur málbein í hverri viku.	Málörvunarstundir 1-2 í viku á hverri deild þar sem námsefnið Lubbi finnur málbein, læsistefna KK og námsefni markviss málörvun eru nýtt.	Tenging við aðalnámskrá og læsisstefnu leikskólans - og öllum grunnþáttum menntunar. Markviss málörvun og Lubbi finnur málbein leggur grunn að undirbúningi lesturs, eikur orðaforða og málskilning.	Endurmat starfsmanna og birt í ársskýrslu 2022

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Aðgengi barna að skapandi efniviði alla daga s.s. málningu, límí, skærum, pappír og verðlausum efniviði í listakrók.	Börnum sé gefin aðgangur að opnum og skapandi efniviði í listakrók. Börnin skapi sjálf, lítið um stýrð verkefni.	Tenging við aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá - stefnu skólans.Það er börnum eðlislægt að vera skapandi og mikilvægt að þau hafi tækifæri til að kanna, þróa og koma hugmyndum sínum á framfæri.	Endurmat birt í ársskýrslu 2022
Auka listnám elstu barna með Díönu listakonu.	Listatími með Díönu einu sinni í viku. Þróun teikninga.	Tenging við aðalnámskrá og stefnu skólans - sköpun og sjálfbærni. Það hefur sýnt sig að elstu börnin hafa bæði ákaflega gaman að þessum stundum og þeim fer gríðarlega mikið fram í teikningu, formskynjun og hugrekki til að skapa sjálf.	Endurmat birt í ársskýrslu 2022
Vettvangsferðir - útikennsla	Skipulagðar ferðir í hverri viku sept - maí ef veður leyfir.Hafa gaman	Tenging við aðalnámskrá og stefnu skólans - heilbrigði og velferð.Hreyfing útivið er börnum nauðsynleg, gögnuferðir reyna á þol og samvinnu og ekki skemmir fyrir að við getum lært heilmíkið í gönguferðum.	Endurmat birt í ársskýrslu 2022
Hreyfing hjá öllum börnum, elstu börn í íþróttahúsi en yngri börn í leikskólanum. Markviss hreyfimánuður í júní. Litli salurinn í Krakkakoti einnig nýttur til hreyfingar einu sinni í viku.	Einu sinni í viku sept - maí í íþróttasal og úti. Markvissar hreyfistundir alla morgna í júní.	Tenging við aðalnámsskrá og stefnu skólans - heilbrigði og velferð. Skipulögð og markviss hreyfing í hverri viku hvar sem hún er iðkuð eflir hreyfiþroska og eikur úthald og þol. Í hreyfimánuðinum júní er mikið unnið með félagshæfni og samvinnu auk hreyfingar.	Endurmat í ársskýrslu 2022
Námsögumöppur - skráning.	Ein námsaga á hvorri önn.	Tenging við læsi og jafnrétti. Skrásetning á helstu verkefnum barnsins í gegnum leikskólagönguna. Hvernig lærir barnið, hvað gerir það og getur. Til verður skemmtileg og eiguleg ferilmappa barns gegnum leikskólagöngu þess.	Endurmat í ársskýrslu 2022

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Verkefni elstu barna - samvinna milli leik- og grunnskóla.	Hljóm - 2 próf í okt og feb. Samstarfssamningur við Álftanesskóla börnin heimsækja Álftanesskóla að meiðaltali einu sinni í mánuði sept - maí.	Rannsóknir hafa sýnt fram á að tengsl eru á milli slakrar hljóðkerfisvitundar og færni til lestrar seinna meir. Með Hljóm-2 getum við greint ef vandinn er mikill og gripið strax inni og elft hljóðkerfis vitund barna með ýmiskonar hætti í gegnum leik. Tenging við aðalnámskrá og skólanámskrá - jafnrétti - lýðræði og mannréttindi.Grunnur lagður að læsi og undirbúningi yfir á grunnskólastigið. Börnin heimsækja Álftanesskóla a.m.k. einu sinni í mánuði í allann vetur og taka þátt í fjölbreyttum stundum í Álftanesskóla s.s. textil, íþróttum,matreiðslu, matsal, heimsókn í 1. bekk, heimsókn í frístund og fl.	Endurmat barna og starfsfólks birt í ársskýrslu 2022
Teymisfundir	Leikskólastjóri og teymisstjórar	Síðastliðið haust settum við á fót teymisvinnu í leikskólanum sem gafst vel þau skipti sem hægt var að koma teymisfudum við. Við sáum að samræming starfsins varð betri milli deilda og stigvaxandi áskoranir viðfangsefna fyrir börnin eftir því sem þau voru eldri. Teymin eru Lubba-teymi, Vináttu - teymi, Hreyfum okkur saman - teymi, Grænfána - teymi og Matsteymi.	Endurmat starfsfóks birt í ársskýrslu 2022
Matsþættir vetrarins	**Ábyrgðaraðili**	**Viðmið sett fram / gagnaöflunarleiðir**	**Verklok/birting á niðurstöðum**
Starfsmannakönnun skólapúsins	Leikskólastjóri	Starfsfólk svara viðhorfskönnun skólapúlsins til leikskólans. Niðurstöður birtar í skýrslu skólapúlsins. Viðmiðið að vera fyrir ofan landsmeðaltal þegar á heildina er litið. 90% starfsmanna svari könnuninni.	**Maí 2022 Niðurstöður skráninga og endurmats birt í ársskýrslu 2022**

Skapandi starf í listakrók	Sá sem er ábyrgur fyrir listakrók hverju sinni.	Fjölbreyttur efniviður, mismunandi að áferð, gerð og lögun. Listakrókur opin til listsköpunar 2-3 í viku. Frumkvæði barna eykst, velja börn að fara í listakrók. Spurningar lagðar fyrir foreldra í foreldraviðtölum. Börnin meta með broskarlakönnun.	**Maí 2022 Niðurstöður skráninga og endurmats birt í ársskýrslu 2022**
Matartímar	Deildastjórar og starfsfólk deildanna	Tenging við aðalnámskrá og skólanámskrá - heilbrigði og velferð, læsi, jafnrétti og lýðræði og mannréttindi. Skammta börnin sér sjálf. Borðþula, ein borðþula í mánuði, skráning á hvaða borðþula er í hverjum mánuði. Umsjónamenn, merkt við hverjir eru umsjónarmenn á hverjum degi. Börnin ganga sjálf frá. Ró við matarborð, allir sitja þar til allir eru búnir.	**Maí 2022 Niðurstöður skráninga og endurmats birt í ársskýrslu 2022**
Hvaða þættir eru lagðir til grundvallar foreldrasamstarfi?	**Ábyrgðaraðili**	**Tímalína**	**Smantekt birt í ársskýsrlsu**
Jákvæð og góð samskipti daglega. Taka hlýlega á móti hverju barni og kveðja fallega í lok dags.	Allir starfsmenn	Daglega	1.6 2022
Foreldraviðtöl 1-2 á ári og eftir þörfum, foreldrar geta pantað foreldraviðtal þegar þeir óska eftir.	Deildastjórar	okt, og mars	1.6 2022
Öflug upplýsingagjöf til foreldra í gegnum tölvupóst, deildafréttir og upplýsingatöflu.	Leikskólastjóri, deildastjórar	Eftir þörfum, daglega skifað á upplýsingatöflu og í gegnum Karellen.	1.jún.22
Þáttökuaðlögun á yngstu deildum	Deildastjórar	ágúst og september og alla aðra mánuði þegar aðlögun er	1. 6 2022
Námsáætanir sendar til foreldra	Deildastjóar	Mánaðarlega eða annann hvern mánuð	
Kynningafundir um skólastarfið að hausti	leikskólastjórar/ deildastjórar	25. 26.27. 28. 29. október kl. 8:05 - 9:00.	1. 6 2022
Fjöldi viðburða í skólastarfinu sem foreldrar er boðið að vera þátttakendur.	Leikskólastjórar/ deildastjórar	Sept, des, feb, aprlí, maí	1.6.2022
Öflugt samstarf við foreldrafélag	leikskólastjóri	sept, des, mars, júní og með fésbókarsamskiptum	1.6.2022
Faglegt samstarf við foreldraráð	leikskólastjóri	fer eftir verkefnum hverju sinni	1.6.2022

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Nýbreytni, og þróunarverkefni.	Ábyrgðaraðili	Lýsingar á innleiðingu	Smantekt birt í ársskýrslsu
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðana um sjálfbæra þróun	Leikskólastjórar	Markmið 3 Heilsa og vellíðan og markmið 4 Menntun fyrir alla. Hvernig getum við mátað okkar starf í Krakkakoti við heimsmarkmiðið Heilsa og vellíðan og Menntun fyrir alla og undirmarkmið.	Árskyrsla 2022
Barnasáttmáli sameinuðuþjóðanna	Leikskólastjórar	Markmiðið er að finna greinar í barnasáttmálanum sem tengjast heimsmarkmiðum 3 og 4 og vinna samþætt með bæði Heimsmarkmiðin og Barnasáttmálann.	Árskyrsla 2022
Fræðsla til kennara/ stefna í starfsmannahaldi.	**Ábyrgðaraðili**		**Smantekt birt í ársskýsrlsu**
Circul og security	Leikskólastjóri	15. sept. Ásta kom og hélt fyrir lestur um efnið	1.jún.20
Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga	Leikskólastjóri	15. sept. Hjördís Ólafsdóttir með upprifjun fyrir starfsfólk skólans.	
Skapandi starf með börnum	Leikskólastjóri	22. október Díana Hrafnsdóttir grafískur listamaður	1.jún.20
Menntadagur 22. október	Leikskólastjóri	Starfsfólk sæki menntadag í Flata- og Garðaskóla	1.jún.20
Skyndihjálp	Leikskólastjóri	Rauði krossinn	1.jún.20
Menntaflétta	Leikskólastjóri	Þrír starfsmenn Krakakots sækja menntafléttunámskeið í HÍ skólaárið 2021 - 2022	1.jún.20
Ýmiskonar fræðsla á starfsmannafundum sem tengjast viðfangsefnum skólans. Fyrirlesarar fengnir með fyrirlestra. Leikskólastjórar með kynningar sem og aðrir starfsmenn kynna hin ýmsu efni tengdum starfsemi skólans	leikskólastjórar, sérkennslustjóri og aðrir starfsmenn	Leikskólastjóri er reglulega með ýmiskonar fræðslu sem snýr að starfsemi skólans á skiplagsdögum og starfsmannafundum.	1. 6 2019
Starfsfólki stendur til boða að sækja öll þau námskeið sem bjóðast í samvinnu við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri	Starfsfólki gefst kostur á að sækja hin ýmsu námskeið sem eru í boði ef áhugi og geta er til vegna starfsemi skólans	1.6.2020

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Krakkakot stuðlar að menntun leikskólakennara með hjálp frá Garðabæ. Í vetur eru hér þrír nemar í leikskólakennarafræðum á námsstyrk frá KÍ og HA. Einn nemi án styrks frá Garðabæ í fjarnámi í leikskólakennarafræðum við KÍ og einn í uppeldis og menntunarfræðum. Tveir starfsmenn eru í Borgarholtsskóla í leikskólaliða námi.	Garðabær og leikskólastjóri	Það er mikil gróska í menntunarmálum starfsmanna í Krakkakoti sem er mikill styrkur fyrir skólaumhverfið okkar. Það geta einnig verið krefjandi dagar þegar allir þessir nemar þurfa að fara út úr skólanum til að sinna náminu sínu.	1.6.2020
	Birt með starfsátl.	**Skóladagatal og matsáætlanir**	**Uppfært árlega**
Skóladagatal fyrir veturinn 2021-2022	x	Skóladagatal	1. sept. ár hvert
Matsáætlun fyrir veturinn 2021-2022	x	Matsáætlun veturinn 2021-2022	20. okt. ár hvert

Hjördís Ólafsdóttir, leikskólastjóri.
20.okt.21

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.